## Óformleg fundargerð

Samráðsfundur á vegum ASÍ um hlutverk, stöðu og verkefni nýskipaðra vinnumarkaðsráða.

Haldinn fimmtudaginn 30. ágúst kl. 13:00-17:00 á Nordica hóteli, 2. hæð.

Til fundar mættu um 25 manns, fulltrúar ASÍ í vinnumarkaðsráðunum svo og fulltrúar í atvinnumála- og vinnumarkaðsnefndum ASÍ.

Markmið fundarins var að koma á framfæri upplýsingum og eiga skoðanaskipti og samræðu um hlutverk og verkefni nýskipaðra vinnumarkaðsráða og hvernig þau geta nýst við þróun vinnumarkaðsúrræða, styrkt stöðu launafólks og stuðlað að uppbyggingu á viðkomandi svæðum. Einnig var markmiðið með fundinum að ræða mögulegt samstarf fulltrúa ASÍ og launafólks í vinnumarkaðsráðunum og með hvaða hætti Alþýðusambandið gæti aðstoðað þá í starfi sínu.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, setti fundinn með stuttu ávarpi. Hann benti m.a. á að vinnumarkaðsráðanna biðu ærin verkefni: „Til viðbótar við almenna stefnumótun, greiningu á stöðu atvinnumála á svæðunum og þróun vinnumarkaðsúrræða liggur fyrir að takast á við afleiðingar mikils samdráttar í þorskveiðum á næsta ári, sem víða mun hafa miklar og alvarlegar afleiðingar."

Eftir setningu fundarins tók Signý Jóhannesdóttir, formaður atvinnumálanefndar ASÍ, við fundarstjórninni.

Fyrst var fjallað almennt um stöðu og hlutverk vinnumarkaðsráðanna. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, gerði grein fyrir áherslum ASÍ við endurskoðun laga um vinnumarkaðsaðgerðir og hvernig til tókst. Hann dró m.a. fram hvernig kerfisbundið hefði verið tekið tillit til reynslunnar af eldri svæðisráðum til að búa hinum nýju ráðum sem traustastan starfsgrundvöll. Þá gerði Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, grein fyrir sinni sýn á stöðu og starfshætti vinnumarkaðsráðanna.

Í seinni hluta fundarins var fjallað um þau verkfæri sem vinnumarkaðsráðin hafa til að ná markmiðum sínum. Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá ASÍ, fjallaði um hvernig nýta mætti atvinnustefnu ASÍ til að takast á við vandamál sem við blasa á vinnumarkaði um þessar mundir. Þá fjallaði Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, um vinnumarkaðsúrræði sem fræðslumiðstöðin hefði hannað, m.a. námsleiðir sem metnar eru til eininga á framhaldsskólastigi, námsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat.

Líflegar umræður fóru fram á milli framsagna þar sem m.a. var skipst á skoðunum um fjármögnun vinnumarkaðsaðgerða og svigrúm vinnumarkaðsráðanna til að láta til sín taka. Fram komu óskir um að forstjóri Vinnumálastofnunar og fulltrúar í stjórn stofnunarinnar myndu mæta á fyrsta fund í hverju vinnumarkaðsráði. Einnig voru reifaðar hugmyndir um hvernig Alþýðusambandið gæti stutt við bakið á fulltrúum launafólks í ráðunum.

Áður en fundarstjóri sleit fundi gerði hún grein fyrir því hvernig hún sæi fyrir sér næstu skref. Hún lagði ríka áherslu að árangurinn af starfi ráðanna myndi að miklu leyti velta á frumkvæði þess fólks sem í þeim sæti. Hún lagði einnig sérstaka áherslu á að nauðsynlegt væri að byggja brýr milli þeirra sem fást við framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða, hvort sem það er á vettvangi vinnumarkaðsráða, atvinnuþróunarfélaga eða símenntunarmiðstöðva.